



# Jafnrétti kynjanna: hvar passa kvár?

**Birta Ósk (hán/hún)**

Meistaraneini í kynjafræði við Háskóla Íslands

4. ágúst 2022



# Gagnasöfnun rannsóknar

- Viðtöl – þemagreining
- 18 – 30 ára
- Ólík fornöfn – Hán, hún, hann, hín, þau
- Ólík upplifun á kyngervi
- Ólík afstaða til kynstaðfestandi aðgerða/hormóna
- Ólík skráning kyns í þjóðskrá
- Mis opin fyrir öðrum um kyngervi sitt





# Samfélagið gerir ekki ráð fyrir kvárum

- **Ósýnileiki**
  - Lítil þekking meðal almennings
  - Útilokuð úr rannsóknum og skýrslum um kynjajafnrétti
    - Opinberri kyngreindri tölfræði
  - Þöggun: Valdamikið fólk deilir um tilvistarrétt kvára
- **Afleiðingar:**
  - Kvár leggur ekki í það að vera opið um kyn sitt
  - Kvár sett í stöðu fræðara
  - Sífelld á varðbergi fyrir áhættum í umhverfinu



Heimildarmyndasögubókin „Kvár“ eftir Elías Rúna




„Mér finnst í rauninni mesta misréttið vera **að það er aldrei gert ráð fyrir manni**. Málið er að það er ekki mikið af beinu ofbeldi eða áreiti af því að þessi hópur er ósýnilegur. Mér finnst það vera vandamálið. Að það er gert ráð fyrir að kynsegin fólk sé ekki til... og það er náttúrulega ofbeldi“

„...Maður veit aldrei hvernig að manneskjan mun taka þessu. Þannig það getur alveg verið þínu erfitt að koma út fyrir öllum. **Ég þarf alltaf að koma út fyrir öllum**. Hún er aldrei það fyrsta sem að fólk segir við mig. Ég þarf alltaf bara „reyndar er ég kynsegin“.“



„En það er líka erfitt að vera opinn með það [kyn háns]. Eins og í vinnunni, þar er haldið upp á bóndadaginn og konudaginn og ég sagði bara ég ætla ekki að vera með í þessu. Ég er hvorugt. Alltaf þegar maður þarf að fara í búningssklefa spyr ég hvort að það sé einhver kynlaus klefi, en náttúrulega **yfirleitt gerir fólk ráð fyrir því að ég sé annað hvort**. Það er ekki alltaf tækifæri til að leiðrétta það. Vissulega stundum koma upp aðstæður þar sem þetta er slagur sem ég legg ekki í ... Líka stundum borgar það sig geðheilsunnar vegna og bæði öryggið og maður þarf stundum að hugsa um sjálfan sig.“

„... Það er ekki gert ráð fyrir kynsegin fólki neins staðar. Maður sér þetta alltaf í textum, það er alltaf talað um „**bæði kyn**“ og „**karla og konur**“. Aðgengi að íþróttamannvirkjum og sundlaugum víðsvegar er bara ekkert. Ég á að geta farið í sund alls staðar í Reykjavík, en fyrir utan Reykjavík er það bara ákveðnar laugar og þá er það bara heppni. Það er stór hluti af svoleiðis aðstöðu sem er mikill **hluti af íslenskri menningu sem er bara lokaður**.“





# Ósýnileiki – frh.

„Ég mæti frekar **pögn** heldur en einhverskonar árásargirni eða leiðindi... þetta er svona stuðningur, án þess að þau [sís fólk] breyti sinni hegðun neitt sérstaklega mikið.“

„... **Ég fel mig** og ég tala ekkert um þetta. **Ég nenni ekki að ögra** fólk í kringum mig ... það er mjög þægilegt að annaðhvort bara fela sig þegar maður er í hópi sem maður er ekki viss um eða vera bara í kring um fólk sem er kynsegin eða fólk sem er búið að samþykkja mann og svona.“

„... Ég er að upplifa það mjög mikið eins og að **fólk sé ekki að sjá að ég er kynsegin**. Þetta er svona leiðinlegt. Þetta er svona örಾರೆiti. Enginn meinar neitt illt með þessu en fólk bara sjálfkrafa býst við því að ég er kvenkyns og notar kvenkyns fornöfn. Það er bömmur.“



# Kvár eignað ábyrgð



- **Vel meinandi sís fólk setur ábyrgð á kvár að búa til pláss fyrir kvár í samfélaginu með því að fræða, leiðrétta, sannfæra það um kyn sitt**

Úr Heimildarmyndasögubókininni „Kvár“ eftir Elías Rúna





# Kvár eignað ábyrgð

*„... Það eru flestir búnir að koma upp að mér og segja „ég mun gera mistök“ og eitthvað svoliðis. Svona að afsaka sig og auðvitað skil ég það. Allir gera mistök. Ég geri mistök þú veist nota stundum gamla nafnið mitt um sjálft mig. En það getur samt líka verið þínu erfitt þegar allir koma upp að manni og segjast „ég er að fara gera þetta vitlaust og þetta vitlaust og sorrí“. Ég skil hvað þau eru að reyna að gera. En þá þarf ég alltaf bara „nei þetta er allt í lagi“ ég þarf að svona að afsaka þau eða þannig ... það getur alveg verið þínu erfitt að fólk sé hrætt um að gera einhverja vitleysu þannig að **í staðinn bara tala þau ekki við mig.**“*



# Ábyrgð – frh.



„... Ég á alveg erfitt með svona conflict. Ég er oft soldið tregt til þess að segja hluti þegar þeir eru að gerast beint fyrir framan mig .... Vegna þess að þetta er alveg ofboðslega tilfinningalega erfitt. Að þurfa að ræða þetta getur **alveg eðlilegt daginn fyrir manni**. Þannig að ég mundi ekki persónulega segja að ég sé ekki mikið í því að svara mér miðað við annað fólk. Það er alveg óöruggi á bakvið það...”

„Ég vildi bara alls ekki að neinn væri stressaður í kringum mig [þegar hán kom út]. En ég finn það samt alveg. Bara af því að fólk vill ekki móðga neinn. **En ég vildi samt alveg að það væri ekki svona mikill ótti**. Ég finn það þegar fólk notar [fornafnið] hán... Fólk verður einhvernvegin svo stressað.“



# Hindranir í kerfinu







# Skráning kyns og nafns

- **Kenninafn:** „nafn föður eða móður í eignarfalli án viðbótar eða að viðbættu bur“.
- **Hlutlaus skráning kyns í þjóðskrá**
- **Bakslag í réttindabaráttu hinsegin fólks**

*„Ég vil virkilega vera X. Að vera ekki með neitt kyn skráð [í þjóðskrá]. En það er þessi spurning með vegabréfið. Maður vill líka eiga möguleika á því að ferðast án þess að lenda í veseni.“*

*„Ég þori ekki að breyta kynskráningu. Einmitt út af bara þetta það að fljúga erlendis og líka bara **hvað framtíðin hefur í skauti sér**. Maður er alltaf hræddur við já ég veit ekki.“*





# Heilbrigðiskerfið

- **Trans teymið**

- Langur biðlisti
- Óþarflega flókið og erfitt ferli – 4 greiningarviðtöl
- Upplýsingaflæði slakt
- Dýrt – Sjúkratryggingar niðurgreiða ekki allar aðgerðir





„Þetta tekur ótrúlega langan tíma og maður áttar sig ekki alveg á því til hvers þetta ferli er. Af því að svona flestir sem byrja eru búnir að ákveða hvað þeir vilja en svo gengur þetta ferli út á það að **sannfæra læknanana um að maður viti hvað maður vill**. Þannig þetta er eiginlega bara bið.“

„Mér finnst smá skrítið að það sé bæði sálfræðingur og geðlæknir að spyrja mann allskonar persónulegar spurningar um æsku og allskonar hluti sem **koma málinu ekkert við**. Af því að það er ekki þannig sem heilbrigðiskerfið virkar. Það er spurt hvað er að angra þig núna og hvernig getum við lagað það. Ekki um æsku, það er mjög skrítið. [Þetta er] líka bara mjög erfitt ferli.“

„Þetta teymi, ég upplifi það sem **vegatálma**.“



# Vinnustaðir

- **Meta aðstæður áður en komið er út sem kvár:**

„Þegar ég hef verið að sækja um vinnur, þá er ég ekki opin með það [kyn háns]. Ekki fyrr en ég skoða umhverfið í vinnunni. Ég kem ekki inn kynsegin. **Af því að ég vil vinnu.** Augljóslega og ég vil ekki taka þá áhættu að það sé að koma í veg fyrir það að ég fái vinnu ... Ég vil frekar fá vinnuna og sjá hvernig það er þar og svo koma út eftir aðstæðum eða hætta eftir aðstæðum, heldur en að taka áhættuna um að það sé verið að neita mér um vinnu af því að það stendur á blaðinu kynsegin og að fólk meðvitað eða ómeðvitað ákveður að ráða mig ekki.“





# Vinnustaðir – frh.

- Óviðeigandi spurningar á óviðeigandi tímum
- Heyra fordómafulla umræðu útundan sér:

*„Mér finnst verst að það er fólk sem ég hef orðið vart við í vinnunni sem er oft með vafasamar hugmyndir um kynsegin fólk ... [Það] var að tala á mjög vanvirðandi hátt... Það var mjög óþægilegt ...Ég hef bara heyrt svona samræður útundan mér og ákveðið að skerast ekki í leikinn, af því það var ekki staður eða stund ... **Maður fer að passa sig betur. Maður þarf alltaf að vera að lesa í aðstæður...** Að það sé ekki einhver sem ræðst á bara tilvist manns.“*





# Skólakerfið

- Fordómar frá starfsfólki og/eða samnemendum
- Ósýnileiki í námsefni
- Kynjuð salernisaðstaða:

*„Það er þínu erfitt með baðherbergin. Það eru bara kynjuð eða fatlaðra baðherbergi. Þannig að mér líður óþægilega að vera að nota fatlaðra baðherbergin líka af því að stór partur af skólanum eru fötluð og í hjólastól. **Að vera að taka upp þeirra pláss.** Bara út af því að það er ekki baðherbergi fyrir mig.“*





# Skólakerfið – frh.

- **Skráning kyns og nafns:**

„Mér finnst geggjað, það kemur svona í sviga hán fornafnið mitt, áður en nafnið mitt er á nafnalistum. Það er gott að vita af því. En ég held að það mætti samt alveg kynna betur fyrir kennurum hvernig eigi að nota fornöfnin, því að þótt þetta sé þarna í sviganum, þá er þetta ekki notað ... [þau] spá ekki í þessu og **nota vitlaus fornöfn eða vita ekki hvernig þau eiga að nota fornöfnin mín eða vita ekki hvernig þau eiga að tala við mig þannig að bara svona þínu forðast það.**“

***hán - hán - háni - háns***





# Hvað geta sís konur og karlar gert betur?

- Kynna sig með fornöfnum og spyrja um fornöfn
- Hlusta, trúa, breyta hegðun

- **Styðja, taka slaginn:**

*„Fólk þarf að vera miklu duglegra að bara til dæmis þegar það heyrir einhvern rangkynja einhvern, að leiðrétta það. ... **af því að það er miklu erfiðara fyrir mig að gera það en þau.** Þetta snýr ekki að þeim persónulega, það er ekki einhvernvegin sárt og erfitt fyrir þau.“*



# Hvað geta sís konur og karlar gert betur?

Sís fólk á „*ekki að setja alla ábyrgðina á að leiðrétta annað fólk og standa upp fyrir hatursorðræðu yfir á trans fólk. Það bara er ekki hægt að ætlast til þess að við sinnum þessu öllu. Vegna þess að **við verðum svo mikið fyrir þessu á hverjum einasta degi** að við getum ekki leiðrétt í hvert einasta skipti. Fólk segir alltaf „þú verður bara að leiðrétta mig“. Það er ekki hægt. Það er ekki raunhæft. Við höfum ekki orku í það.“*



Jafnrétti kynjanna?





# Spurningar?

SUS BUT



NOT CIS

Birta Ósk

Meistaraneimi í kynjafræði

bot4@hi.is

SUS BUT



NOT CIS